



**Æskulýðsnefnd hmf. Hrings
Dalvíkurbyggð
Ársskýrsla 2023**



Efnisyfirlit

Æskulýðsnefnd hmf. Hrings Dalvíkurbyggð	2
Ársskýrsla 2023	2
Efnisyfirlit	2
Æskulýðsstarfið.....	3
Æskulýðsnefnd 2022 – 2023	3
Hestavideo kvöld	4
Jólabingó	4
TREC fyrirlestur	4
Samvinna við aðrar æskulýðsdeildir	6
Páskamótið.....	6
Æskan og hesturinn.....	7
.....	8
Lokahóf reiðnámskeiða.....	8
Styrkir og fjáröflun	8
Viðurkenningar	8
Markmið Æskulýðsstarfs hmf. Hrings 2019-2024.....	8
Að nálgast markmiðin.....	9
Að lokum	9

Æskulýðsstarfið

Í upphafi vetrar setti æskulýðsnefnd sér markmið um að byrja fyrr á vetrarstarfi en áður hefur tíðkast, til að svara kalli þeirra sem hafa mikinn áhuga og til að geta verið samboðin öðru íþróttastarfi sem er í boði fyrir börn og unglinga á svæðinu. Fysta skrefið í þessa átt var tekið haustið 2022 og boðið uppá reiðnámskeið í byrjun desember. Þó þarf ávallt að hafa í huga að vetrarveðrið getur sett strik í reikninginn sem það og gerði.

Til að minnka fráfall unglinga var enn meiri fókus settur á íþróttandaðann með því að auka metnað og að koma fram á hesti innan þessa hóps en svo virðist sem sú vinna hafa tekist. Það er hægt og rólega að fjölga í unglingahópnum okkar.

Þá ákvað nefndin að auka samstarf við aðrar æskulýðsnefndir til muna og skipulagði heimsóknir með öðrum æskulýðsdeildum hestamannafélaga.

Enn leggjum við áherslu á að útvega eða hafa milligöngu um hesta fyrir þau börn sem ekki hafa aðgang að reiðhesti. Fjöldi iðkenda á námskeiðum Æskulýðsnefndar stóð í stað í ár og þykir nokkuð gott þar sem töluvert var af breytingum í ár.



Æskulýðsnefnd 2022 – 2023

Hjörleifur Sveinbjörnsson, Formaður
Christina Niewert
Freydís Dana Sigurðardóttir

Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir varaformaður
Þóra Gunnsteinsdóttir
Dagbjört Felstead Ásgeirsdóttir



Jólabingó

Í lok nóvember var haldið hið sívinsæla jólabingó Æskulýðsnefndar Hrings. Nefndarmenn söfnuðu vinnungum sem oft voru hestatengdir. Heilu fjölskyldurnar mættu og allir tóku eitthvað með sér með kaffinu. Bingóspöldin voru seld gegn vægu gjaldi og margir fóru með vinninga heim. Ágóðinn fer í áframhaldandi starf nefndarinnar. Í jólabingói voru einnig veitt heiðursverðlaun æskulýðsnefndarinnar, en hver hlutu þau kemur fram síðar í skýrslunni.



Hestavideo kvöld

Í janúar var okkar hefðbundna videovöld, þar sem horft var á hestamynd í félagaadstöðu Hrings og boðið uppá pizzuveislu. Það var góð mæting og huggulegt stemning.

TREC fyrirlestur

Í nóvember, í tenglum við heimsókn æskulýðsdeildar hmf. Skagfirðings kom Anna Sonja Ágústssdóttir frá hestamannafélaginu Funa og hélt fyrirlestur um TREC reiðmennsku.

TREC er spennandi grein innan hestaþróttanna og greinin er byrjuð að ryðja sér til rúms hér á landi. Hún er öðruvísi, spennandi, hestvæn og byggir á almennri hestamennsku og minnir kannski helst á þrautabraut. Mikil fjölbreytni einkennir TREC og eflir greinin traust milli manns og hests og hentar fyrir flesta aldurshópa og getustig. Nefndin sér því framá að hún henti vel inní markmið og áframhaldandi starf nefndarinnar.

Á myndinni fyrir neðan er ein af þrautum sem tilheyra TREC. Hún er tekin á TREC braut sem er sérstaklega hönnuð fyrir keppni í greininni, staðsett á Melgerðismelum í Eyjafirði.



Reiðnámskeið

Að þessu sinni var reiðnámskeiðum skipt uppí tvennt. Í desember hófust námskeið fyrir krakka fædda 2013 og eldri. Þau voru aðallega hugsuð fyrir þau sem voru með töluverða reynslu og vildu auka reiðfærni og þekkingu og jafnvel taka þátt í keppnum. Kennari var Bergþóra Sigtryggsdóttir og kennslan var bæði bókleg og verkleg, einu sinni í viku og stóð fram til maí. Árangurinn má kannski segja að hafi sýnt sig á degi Hestsins og æskunnar þar sem hópurinn sýndi munsturreið undir stjórn reiðkennarans. Hluti af þeim tók einnig þátt í ýmsum keppnum og sumir enduðu á Íslandsmóti.



Í janúar hófust svo reiðsnámskeið fyrir yngri krakka eða þá sem voru skemur komnir þar sem Hjörleifur Sveinbjarnarson og Sveinbjörn Hjörleifsson sáu um kennslu. Þar var boðið uppá hesta fyrir þá sem ekki höfðu hest til að mæta með. Yfir veturinn fór kennsla fram inni reiðhöll félagsins en um leið og veður leyfir var farið með hópinn út í reiðtúr. Enn meiri kennsla var færð á virka daga en svo virðist sem það henti fleirum. Kennsla fer fram í smáum hópum sem eru aldurs- og getuskiptir, m.t.t. vinahópa og hentugarar tímasetningar.



Samvinna við aðrar æskulýðsdeildir

Loks létum við verða að því að komast í betri kynni við æskulýðsdeildir nágretta okkar. Það byrjaði með að við buðum Skagfirðingum að koma í heimsókn til okkar í nóvember. Hópur af krökkum kom og við byrjuðum á að bjóða þeim að heimsækja tanningsstöðina í Syðra Garðshorni. Þá var farið í Hringsholtið og kíkt í nokkur hesthús og allir hestakrakkar borðuðu pizzur saman.

Eftir hádegið kom Anna Sonja Ágústssdóttir og hélt fyrirlestur um TREC starf hjá hmf. Funa í Eyjafjarðasveit. Eftir það var keyrt og stoppað á tveimur hrossaræktarbúum í Hörgárdal; Litlu Brekku og Garðshorn á Þelamörk. Þar voru sýndir hestar og síðan keyrðu Skagfirðingar heim.



Krakkarnir okkar heimsóttu síðan Skagafjörðinn í mars. Tekið var á móti okkur í reiðhöllinni á Sauðárkróki, næst var heimsótt hrossaræktarbúið á Vatnsleysu og hæfileikamikill stóðhestur sýndi snilldartahta. Svo var haldið á Hóla þar sem hestaþróttadómari kynnti okkur starfið á Hólum. Þá lá leið í hrossartæktarbúið á Hofi, Höfðaströnd þar sem mjög flott stökksýning í hendi fór fram og við fylgdumst með hesti æfa sig á vatnsbretti. Eftir það var spilaður fótballi í reiðhöllinni. Að lokum var borðuð pizza í félagheimilinu á Hofsósi. Heimsóknin var verulega skemmtileg og vel sótt af báðum félögum.



Þáskamótið

Þáskamótið var á sínum stað á skírdag og eins og fyrri vetur fékk æskulýðsnefndin aðstoð mótanefndar við uppsetningu og framkvæmd á mótinu. Var það vel lukkað í alla staði, boðið uppá hefðbundnar og óhefðbundnar greinar sem oft eru vinsælli hjá yngri kynslóðinni. Keppt var í Pollaflokki, barnaflokki, unglínga- og ungmennaflokki, fjórgang V5, Tölt T7 og þrautabraut. Mikið var um gesti og aðstoðarmenn ungu knapanna. Það besta við daginn var að sjá framfarirnar og gleðina hjá þessum flottu knöpum. Þó að sumir tækju keppnina alvarlega var gleðin í fyrirrúmi.

Flestir enduðu að lokum í vöfflukaffi í félagsaðstöðunni og allir fengu páskaegg í þátttökuverðlaun.



Æskan og hesturinn

Við tókum þátt í sýningunni Æskan og hesturinn sem var haldin í reiðhöll Létts á Akureyri að þessu sinni. Fyrir okkar krakka er þetta rísa stórt skref að fara inní stóra reiðhöll með hest og áhorfendur og tónlist sem sum voru jafnvel að gera í fyrsta skiptið. Segja má að afrakstur reiðkennslunnar hafi komið vel í ljós þar sem allir stóðu sig mjög vel.





Lokahóf reiðnámskeiða

Að venju var lokahóf þar sem allir nemendur reiðnámskeiða komu saman og skemmtu sér. Þar fékk lista- og litagleðin frítt spil og hestar voru málaðir, sumir frá toppi til táar/hófs, ásamt aukaskreytingum þar sem við átti. Það ætti einmitt að vera pláss fyrir allskonar hestamennsku í starfinu. Að endingu var pylsugrill í boði.

Styrkir og fjáröflun

Æskulýðsnefnd fékk hefðbundna styrki frá hestamannafélaginu til niðurgreiðslu á okkar hefðbundnu reiðnámskeiðum

Einnig var sótt um styrk UMSE til að styðja við sérstaka reiðkennslu sem fékkst greiðlega og á félagið kæra þökk skilið.

Viðurkenningar

Á jólabingó voru veitt verðlaun æskulýðsnefndar. Í ár hlaut verðlaunin „knapi ársins í unglingsflokki“; Bil Guðröðardóttir og „knapi ársins í barnaflokki“ Arnór Kristinsson. Verðlaunin „Dugnaðarforkurinn hlaut að þessu sinni María Sigurðardóttir

Markmið æskulýðsstarfs hmf. Hrings 2019-2024

Rétt er að yfirfara markmið æskulýðsnefndarinnar við gerð ársskýrslu og kanna hversu vel tókst til með að nálgast þau. Einnig er komið að endurskoðun á þeim, en sú vinna ætti að fara fram á næsta ári. Kannski verður hægt að flétta þau saman við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna sem væri háleitt markmið.

Núverandi markmið eru:

1. Að efla þekkingu ungra knapa á hestinum í samræmi við aldur og þroska hvers og eins; sögu hestsins, umhirðu, atlæti, atgervi og reiðmennsku.
2. Að gera hestamennsku aðgengilega fyrir sem flesta óháð efnahag, uppruna og félagslegum aðstæðum.
3. Að kostnaði iðkenda sé haldið í lágmarki eins og kostur er.
4. Að halda áfram að efla barna- og unglingsstarfið með fjölbreyttum og skapandi leiðum.
5. Að hvetja unglinga og ungmenni til keppni með því að skapa þeim góðar aðstæður og tryggja þeim kennslu og stuðning reiðkennara.
6. Að hvetja unga knapa til almennra útreiða.

7. Að efla samveru milli kynslóða á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt.
8. Að efla útivist og þekkingu á náttúrunni og öllu því sem hún hefur upp á að bjóða í samvistum við hestinn.
9. Að efla þekkingu knapa á öryggismálum í hestamennsku.
10. Að gefa börnum og unglíngum tækifæri til að mynda jákvæð tengsl og traust við hesta og efla með því tilfinninga-, félags- og hreyfiþroska og hlúa um leið að andlegri líðan einstaklinga.

Að nálgast markmiðin

Reiðnámskeiðin fengu mikinn fókus í ár og meiri almenn þátttaka var á mótum að þessu sinni og teljum við að með því höfum við náð markmiðum 1 og 5, að mestu leiti. Þó náðist ekki að halda leikskóladag í ár sem hefði nálgast markmiðið enn frekar. Einnig höfum við áður stundum náð að höfða meira til hópa barna og ungmenna sem eru félagslega einangraðir, en í ár. Því mætti setja meiri áherslu á þann hluta í markmiði 2 í komandi starfi.

Námskeiðsgjald var aðeins hækkað eftir að hafa verið óbreytt og frekar lágt í töluverðan tíma. Það var þó vel niðurgreitt af hestamannafélaginu eins og venjulega. Þrátt fyrir hækkun teljum við ennþá að við mætum því markmiði að gera hestamennsku óháða efnahag, þar sem námskeiðin eru hlutfallslega ódýr miðað við aðrar íþróttagreinar og aðföng og þar sem hestar eru í boði fyrir þá sem ekki hafa aðgang að þeim. (2 og 3).

Með kynningu á TREC reiðmennsku má segja að náðst hafi að hluta markmið 4, 6 og 8, þó enn standi til að gera TREC hærra undir höfði. Þar sem hluti af reiðnámskeiðum fer fram við útreiðar er verið að nálgast útreiðar enn frekar en ekki náðist að fara í Stekkjahúsaferð í ár, en með því hefðum við getað nálgast markmið 7 og 8 enn betur.

Það má gera betur sérstaklega með markmið um öryggismál (9) og telur nefndin það vera áskorun fyrir komandi starfsár, þar sem það sama var uppá teningnum á síðasta ári.

Með því að telja okkur ná allflestum markmiðum má leiða líkum að því að markmiði um að skapa jákvæð tengsl sé náð (10).

Að lokum

Í ár hefur barnaflokkur á gæðingamóti Hrings ekki verið eins fjölmennur til fjölda ára, mögulega má tengja það að einhverju leiti við mikla grósku í starfi æskulýðsnefndar.

Þó ekkert hafi orðið úr hestaferð fram í Stekkjarhús í Skíðadal í ár þrátt fyrir að tvisvar væri reynt. Í annað skiptið varð að fresta vegna veðurs og í hitt skiptið safnaðist ekki nægur fjöldi. Eftir smá greiningu nefndarinnar þykir ljóst að ferðin þarf að vera vel og tímanlega skipulögð svo að hún henti inni sumarskipulag fjölskyldna og að líklegast þarf nefndin að aðstoða við að skaffa hesta fyrir þá sem ekki hafa aðgang að hesti í svona ferð. Vonandi næst að bæta úr á næsta ári.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar Hrings,

*Freydís Dana Sigurðardóttir, formaður
Dalvík, 29 okt 2023.*

